

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Íslandsbleikja í Ölfusi Núpum III í Ölfusi.



<b>Dags eftirlits</b>	4.7.2012	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gísli Jónsson
<b>Fyrirtæki</b>	Íslandsbleikja í Ölfusi	<b>Eftirlitsmaður</b>	Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	<b>Núpum III, Ölfusi</b>	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	610406	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Daníel Guðmundsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	390484,225 387985,195

### Niðurstaða eftirlits

Ekkert frávik kom fram við reglubundið eftirlit. Gerð er athugasemd um að kominn er tími á að halda samráðsfund og varðandi skil á vöktunarmælingum.

### Umfang eftirlits

Farið var yfir frávik í síðasta eftirliti og úrvinnslu á því.

Farið var yfir niðurstöður mælinga frá 31.5.2012.

Rætt var um ákvæði um samráðsfund í starfsleyfi.

Rætt um losun seyru og skráningu.

Farið var yfir Grænt bókhald

Varaafsstöð skoðuð ásamt olíutanki. Útrás og hreinsibúnaður skoðaður.

### Athugasemdir

Samkvæmt grein 4.3 í starfsleyfi skal rekstaraðili á fjögurra ára fresti boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund til að undirbúa endurskoðun starfsleyfis. Kominn er tími til að huga að þessu enda var starfsleyfið gefið út í árslok 2007.

Samkvæmt grein 3.3 í starfsleyfi áttu niðurstöður mælinga að berast fyrir 1. mars 2012, en bárust ekki stofnuninni fyrr en 3. júlí 2012.

### Annað

Í eftirliti árið 2011 kom fram frávik frá starfsleyfi þar sem setþró og settankur voru full og losun köfnunarefnis og fosfórs voru yfir mörkum í gr. 2.7. Fyrirtækið sendi Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur þann 22. mars sl. og í svari Umhverfisstofnunar dags. 29. mars sl. var gerð krafa um að gerðar yrði mælingar á losun fosfórs og köfnunarefnis þegar búið væri að ljúka úrbótum á hreinsibúnaði. Hreinsun setþróar og settanks hafði farið fram áður en eftirlit fór fram og skipt hefur verið um dúk í tromlusíu.

Niðurstöður vöktunarmælinga frá 31. maí bárust Umhverfisstofnun 3. júlí. Í bréfi dagsettu 7. júní bárust hluti af niðurstöðunum ásamt útreiknaðri losun frá stöðinni. Mælingar fóru fram áður en setþró og settankur voru tæmd. Þar kemur fram að losunin er töluvert minni en í síðustu mælingum frá 2009. Engu að síður er losun köfnunarefnis yfir mörkum. Engar breytingar hafa verið á rekstrinum eða hreinsun sem geta útskýrt þessar breytingar.

	2009	2012	Losunarmörk
<b>Heildar N [kg/framleitt tonn]</b>	<b>120</b>	<b>68</b>	<b>60</b>
<b>Heildar P [kg/framleitt tonn]</b>	<b>17,3</b>	<b>9,9</b>	<b>7</b>

Þar sem mælingar fóru fram áður en úrbótum fráviks er lokið telst hér ekki um nýtt frávik að ræða. Umhverfisstofnun hefur til afgreiðslu erindi frá rekstraraðila varðandi mælingar eftir tæmingu sem skila átti fyrir 1. júlí. Er því ekki gerð athugasemd um það atriði.

Búið er að losa setþró og settank frá síðasta eftirliti. Seyran hefur verið skráð hjá MAST sem áburðartegund og

verður henni dreift á tón og í flög af verktaka (Landtak hf.). Dælt var upp úr settanknum um 21.000 L af slammi. Reynt var að haga tæmingu þannig að sem minnst vatn var flutt í burtu. Minnst var á að skrá magn seyru sem losar er frá stöðinni í grænu bókhaldi þessa árs.

Skv. Grænu bókhaldi var framleiðsla laxaseiða á árinu 2011 101t en starfsleyfi hljóðar upp á 100t af laxaseiðum og 50t af bleikjuseiðum. Í tölvupóst frá fyrirtækinu frá 6. júlí kemur fram að framleiðslutölurnar höfði ekki verið rétt skráðar. Gleymst hefði verið að sundurliða framleiðslu laxa og bleikjuseiða. Árið 2011 voru framleitt 94,7 tonn af laxaseiðum og 6,0 tonn af bleikjuseiðum.

Rætt var um að framsetning á niðurstöðum vöktunarmælinga mætti vera skýrari. M.a. hvar sýnataka færi fram. Á blaðinu með niðurstöðunum eru sýni merkt „fyrir síun“ tekin við útrásaropið sem liggur í setþró (damminn) en sýni merkt „eftir síun“ tekin eftir tromlusíu. Sýni merkt „inntak“ eru tekin af vatninu sem er tekin í stöðina áður en það fer í fiskeldiskörin. Einnig er engin túlkun á niðurstöðunum. Nokkrar skrýtnar niðurstöður koma fram t.d. mældist ekkert fosfór fyrir síun en bæði í inntaki og eftir síun. Mæling á COD er undir greiningarmörkum í inntaki og eftir síun en vel yfir greinarmörkum fyrir síun. Ef lítið er til köfnunarefnis þá er enginn munur á mælingunni fyrir og eftir síun sem gefur til kynna að engin hreinsun á köfnunarefni eigi sér stað. Skoða þarf betur niðurstöður næstu mælinga.

Ekkert athugasemdi fannst við skoðun á olútanki og varaafstöð né við útrás eða hreinsibúnað í eftirliti.

Fulltrúi fyrirtækisins sagði að engar kvartanir hefðu borist og engin mengunaróhöpp orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 15.10.2012



Gísli Jónsson

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta